



Aðalfundur 2026

Aðalfundargerð

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2026

Hvanneyri 14. apríl 2026

Dagskrá

Kl. 13.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna.
2. Skýrsla formanns, Þröstur Aðalbjarnarson.
3. Afgreiðsla kjörbréfanefndar.
4. Ársreikningur lagður fram.
5. Erindi gesta – Trausti Hjálmarsson, formaður BÍ
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
7. Afgreiðsla reikninga
8. Tillögur lagðar fram

Kaffihlé

9. Afgreiðsla mála
10. Kosningar
 - a) Stjórn 5 manns - formaður
 - b) 4 meðstjórnendur
 - c) 5 varamenn í stjórn
 - d) 2 skoðunarmenn reikninga og 2 til vara
 - e) 1 Búnaðarþingsfulltrúi og 1 til vara
11. Önnur mál
12. Fundarslit

1. Fundarsetning

Þriðjudaginn 14. apríl 2026 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn í húsnæði Lbhí á Hvanneyri.

Fundinn setti formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands, Þröstur Aðalbjarnarson og bauð hann gesti og fundarmenn velkomna. Þröstur gerði að tillögu sinni að Sigurjón Helgason yrði fundarstjóri og lagði til að ritari fundarins væri Ingveldur Ingibergsdóttir. Var sú tillaga samþykkt og það formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd þá Hafþór Finnbogason, Jón Eirík Einarsson og Jón Inga Ólafsson og tóku þeir þegar til starfa.

2. Skýrsla formanns Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir árið 2025

Skýrsla til aðalfundar 2026 – Formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands

Nú er komið að því að gera starfsárinu 2025 nokkur skil. Stjórn hélt 4 reglubundna staðfundi fundi á árinu auk samskipta með rafrænum hætti. Starfsemi samtakana á árinu 2025 var með svipuðu sniði og undangengin ár. Reksturinn var í þokkalegu jafnvægi þó að endanleg niðurstaða hafi verið neikvæð. Rekstartekjur samtakanna voru talsvert meiri en ráð var fyrir gert í áætlunum og að sama skapi voru gjaldaliðir heldur hærri. Það er ljóst að rekstur samtakanna er nokkuð viðkvæmur og því er nauðsynlegt horfa vel í hverja krónu og hvernig henni er skipað til verka.

Megin stoðir starfsemi Búnaðarsamtaka Vesturlands eru fólgnar í nautgripasæðingum, sauðfjársæðingum, klaufskurði nautgripa, bókhaldsþjónustu og jarðabóta úttektum.

Kúasæðingarnar eru sem fyrr megin stoð Búnaðarsamtakanna og því nauðsynlegt að halda vel á spilunum þar. Eftir að núverandi fyrirkomulag nautgripasæðinga var komið á, þ.e. rukkað fastgjald miðað við kúafjölda óháð notkun og sama gjaldskrá gildir á öllu landinu, hefur það sett okkar rekstur nokkrar skorður. Það hefur komið í ljós að endar hafa ekki náð saman í rekstri þessarar deildar. Við yfirferð og uppgjör á sæðingarstarfseminni munu samtökin fá frekari leiðréttingu á jöfnun á aksturskostnaði. Jafnframt verður haldið áfram að ná fram hagræðingu í þessum rekstri. Fjárfest var í rafmagnsbíl á miðju síðasta ári með það að tilliti að lækka bifreiðakostnaðinn. Eftir vel heppna tilraun með að nota kyngreint sæði hefur verið ákveðið að halda áfram með það verkefni sem mun skapa áhugaverð tækifæri. En tækifærin verða ekki nema að tryggt sé að nægt framboð verði af kyngreindu sæði. Að því sögðu hefur það gerst að afhending á sæði frá Nautastöðinni hefur ekki verið að öllu hnökralaus. Það hefur verið bæði bændum og sæðingamönnum til ama. Skora ég því á framkvæmdastjóra Nautastöðvarinnar að kippa því liðinn svo að bændur hafi sem mest úrval af nautum til að velja úr á hverjum tíma.

Rekstur sauðfjársæðingastöðvarinnar gekk með ágætum þar sem tekjur uxu um tæp 11% en gjöldin drógust saman um tæp 4% og skilaði þá þessi deild vel til sameignlegs rekstrar samtakanna. Það er áhugavert hversu vel hefur gengið að innleiða verndandi arfgerð gegn riðu í íslenska fjárstofninn. Ákveðið var að athuga hvort næðist fram hagræðing með að sameina sauðfjárhald sauðfjársæðingastöðvanna núna eftir áramót, um tilraunaverkefni er að ræða.

Nýr klaufskurðarbás var tekin í notkun á vormánuðum 2025 og er almenn ánægja með hann. Klaufskurðurinn sem slíkur gekk ágætlega þó að nokkuð færri gripir hafi verið snyrtir 2025 en árið áður. Hér eru sóknarfæri á að auka þjónustu og sækja tekjur.

Bókhaldsþjónusta BV var rekið með svipuðu sniði og undangengin ár og er að skila samtökunum nokkrum ávinningi. Með aukinni sjálfvirkni og skilvirkni, rafrænu bókhaldi, þá sýnist okkur að við gætum

bætt við verkefnum á bókhaldsþjónustunni án þess að auka við mannskap. Sú þjónusta sem við höfum verið að veita hefur borið góðan róm fyrir góða þjónustu á sanngjörnu verði.

Búnaðarsamtökin hafa verið að þjóna ríkinu með því að sinna jarðabótaúttektum. Undangengin ár hefur lausráðinn starfskraftur verið fenginn að stórum hluta til að sinna þessum verkum. Stefnt verður að því að halda sem mestu eftir innan félagsins til þess að styrkja reksturinn frekar.

Það þarf að stefna að því að byggja upp sjóð til að standa sem mest straum af endurnýjun og fjárfestingum. Með þeim hætti mætti styrkja rekstur samtakanna frekar.

Umræður hafa verið meðal stjórnar og framkvæmdastjóra um að æskilegra væri að halda aðalfund Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrr en hefð hefur verið fyrir. Markmiðið ætti að vera að halda fundinn fyrstu daganna í mars og verði þá boðaður með löglegum fyrirvara miðað við það.

Á síðasta aðalfundi BV var stjórn falið að vinna frekar að endurskoðun samþykktar samtakanna. Stjórn náði ekki að vinna þá vinnu til hlítar þannig að ekki var hægt að leggja fram tillögu að samþykktabreytingu fyrir þennan aðalfund. Vil ég því hvetja aðalfund að fara þess á leit við næstkomandi stjórn að halda áfram þeirri vinnu.

Að endingu vil ég þakka samstarfið við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og annað starfsfólk BV og að ógleymdum skoðunarmönnum og endurskoðendum Búnaðarsamtaka Vesturlands.

Próstur Aðalbjarnarson

3. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Hafþór Finnbogason fór yfir kjörbréfin fyrir hönd Kjörbréfanefndar

Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar:

Magnús Már Haraldsson

Elín Ósk Gunnarsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Skorradalshrepps:

Jón Eiríkur Einarsson

Frá Búnaðarfélagi Andakíls:

Jóhannes Kristjánsson

Haraldur Sigurðsson

Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadal:

Símon Bergur Sigurgeirsson

Frá Búnaðarfélagi Reykdæla – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Þverárþings:

Ingi B. Reynisson

Guðmundur Eggert Þórðarson

Frá Búnaðarfélagi Mýramanna:

Sigurjón Helgason

Gísli Guðjónsson

Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps

Jóhannes Jónasson

Frá Búnaðarfélagi Eyja-og Miklaholtshrepps – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:

Sigurjón Grétarsson

Þórður Svavarsson

Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Hörðudals – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Miðdala:

Sigursteinn Hjartarson

Frá Búnaðarfélagi Laxárdals

Svanborg Þ. Einarsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar

Jón Ingi Ólafsson

Steinþór Logi Arnarsson

Frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings:

Hafþór Finnbogason

Samkvæmt kjörbréfum voru því 18 fulltrúar mættir af 26 og fundurinn telst því löglegur með 69,2% mætingu

4. Ársreikningur lagður fram.

Torfi Bergsson fór yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöður úr rekstrar-og efnahagsreikningi eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls án fjármagnstekna kr.130.402.771.-

Rekstrargjöld alls án afskrifta og fjármagnsgjalda kr.125.758.502.-

Afskriftir kr. 4.720.025.-

Hagnaður/ Tap fyrir fjármagnsliði er kr. -75.756.-

Fjármagnsliðir eru alls neikvæðir um kr. 1.781.522.-

Hagnaður/ Tap dótturfélagsins BBV ehf er kr. 494.990.-

Hagnaður/ Tap ársins er kr. -1.362.288.-

Eignir samtals eru kr. 65.330.167.-

Eigið fé er alls kr. 14.606.212.-

Skuldir samtals eru kr. 50.723.955.-

Skuldir-og eigið fé alls kr. 65.330.167.-

5. Erindi gesta – Trausti Hjálmarsson

Trausti Hjálmarsson formaður Bændasamtaka Íslands var gestur fundarins. Hann fór yfir helstu atriði varðandi samninga um starfsskilyrði bænda, telur að þar vanti umtalsverða fjármuni inn í kerfið, sem sé mikilvægt að leiðrétta. Beinn stuðningur á fjárlögum hefur dregist saman. Fór yfir helstu verkefni Bændasamtakanna, hvað er á dagskrá og – eða í ferli og sumt hefur þegar verið afgreitt.

Lykilatriðin ávallt – Hagsmunagæsla – Samningagerð – Efla félagsstarfið.

Félagsmönnum BÍ hefur fjölgað um 7,1% á tímabilinu 2024-2026.

Stefnt verður á Auka-Búnaðarþing síðsumars til áréttingar á vilja bænda varðandi ESB-umsókn.

- Nokkrar fyrirspurnir komu í kjölfar erindis Trausta og skapaðist góð umræða.

6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þróstur tók til máls og skýrði að hluta halla ársins, sem skapaðist að mestu vegna kúasæðinganna.

Magnús Már spurði út í kyngreinda sæðið og voru menn sammála um að framboðið yrði að anna eftirspurn.

7. Afgreiðsla reikninga.

Fundarstjóri bar upp reikningana og lagði til að reikningar BV 2025 væru samþykktir

– Samþykkt samhljóða

8. Tillögur lagðar fram:

Ekki var skipað í nefndir, heldur voru tillögur ræddar og síðan greidd atkvæði.

9. Afgreiðsla mála: Þróstur kynnti tillögur frá stjórn

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hvanneyri 14. apríl 2026, leggur til að félagsgjald BV verði áfram kr. 15.000.-

- Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BV haldinn á Hvanneyri 14. apríl 2026, leggur til að laun skoðunarmanna verði 15.000.-

- Samþykkt samhljóða

Fundargerð aðalfundar Búnaðarsamtaka Vesturlands 14.apríl 2026

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hvanneyri 14. apríl 2026, leggur til að laun Búnaðarþingsfulltrúa verði kr. 15.000.- fyrir hvern fundardag auk fullra dagpeninga, ef ekki er um netfundi að ræða. - *Samþykkt samhljóða*

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hvanneyri 14. apríl 2026, leggur til að greiddir verði aksturspeningar til aðalfundarfulltrúa, samkvæmt eignum kílómetrum. - *Samþykkt samhljóða*

Próstur og Torfi Bergsson kynntu fjárhagsáætlun Búnaðarsamtakanna og fóru yfir helstu rekstrarliði:

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn á Hvanneyri 14. Apríl 2026, leggur fram eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2026:

	Áætlun 2026
Rekstartekjur	
Seld þjónusta	69.624.000
Starfsfé	63.397.263
Aðrar tekjur	900.000
Tekjur alls	133.921.263
Rekstrar gjöld.	
Rekstrarvörur	27.995.000
Laun og annar starfsmannakostnaður	79.756.441
Bifreiða- og ferðakostnaður	12.888.324
Annar rekstrarkostnaður	6.870.126
Samtals:	127.509.891
Afskriftir	4.570.500
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.840.872
Fjármunatekjur/fjármunagjöld	- 1.750.000
Afkoma dótturfélags (eða aðrar tekjur)	850.000
Mismunur.	940.872

-*Samþykkt samhljóða*

10. Kosning stjórnar og varastjórnar

a. Kosning formanns BV,

Þröstur Aðalbarnarson tilkynnti að hann gæfi kost á sér áfram sem formaður BV, var hann því endurkjörinn með öllum atkvæðum.

b. Kosnir aðrir stjórnarmenn, kosið var um 4 menn í stjórn,

Þessir hlutu kosningu:

Sigurjón Helgason

Símon Bergur Sigurgeirsson

Hafþór Finnbogason

Svanborg Þ. Einarsdóttir

- Öll voru þau stjórnarmenn fyrir kosningu.

c. Kosnir 5 varamenn í stjórn, 1. Varamaður: Magnús Már Haraldsson, 2. Varamaður: Sigursteinn Hjartarson, 3. Varamaður: Helgi Már Ólafsson, 4. Varamaður: Elín Ósk Gunnarsdóttir, 5. Varamaður: Lilja Guðrún Eyþórsdóttir.

d. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn voru endurkjörnir þeir, Brynjólfur Guðmundsson og Jón Gíslason

Varamenn þeirra einnig: Hallur Pálsson og Böðvar Bjarki Magnússon.

e. Búnaðarpingsfulltrúi var kjörinn formaður Búnaðarsamtakanna, Þröstur Aðalbarnarson. Varamaður hans verður varaformaður Búnaðarsamtakanna.

11. Önnur mál

Þröstur tók til máls, hann fór aðeins yfir ráðningarmál framkvæmdastjóra og ræddi um breytingar á samþykktum samtakanna sem ekki tókst að fullvinna fyrir þennan fund en verður áfram á borði stjórnar.

Sigurjón Helgason, fundarstjóri þakkaði fyrir sig og þakkaði félögum góðan fund.

12. Fundarslit, Þröstur þakkaði gesti fundarins fyrir komuna. Þakkaði starfsmönnum fundarins og félögum fyrir mætingu. Óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 15.00

Fundarritari: Ingveldur H. Ingibergsdóttir